



Söllumál nautakjöts

Það er afleit staða að bændur þurfi að bíða mánuðum saman eftir slátrun nautgripa. SS hefur lagt áherslu á söllumál nautgripa í langan tíma án þess að það hafi skilað þeim árangri sem vonast hefur verið eftir.

Slátrun undanfarinna vikna hefur verið 100-110 gripir á viku.

Umbúðir á úrvals nautasteikum í smásölu hafa verið endurbættar og bætt við vörulið. Vöruliðir í fersku hakki og hamborgurum hafa verið lækkaðir í verði.

Hagkaup hefur nú tekið hakk og hamborgara í vöruval og góður árangur náðst í sölu á hamborgurum til veitingastaða. Það er því vonast til að hægt verði að auka slátrun um 10-15 gripir á viku fljótlega.


Breyting á verðhlutföllum dilka

Í síðasta fréttabréfi voru viðraðar hugmyndir um breytt verðhlutföll dilka skv. EUROP matkerfinu til að samræma betur verðhlutföll og mat á verðmætum einstakra flokka.

Fréttabréfinu fylgdi hlekkur á skoðanakönnun til að fá viðhorf bænda til slíkrar breytingar. Skoðanakönnunin er ekki fræðilega marktæk þar sem allir, sem opnuðu fréttabréfið, gátu svarað hvort sem þeir búa með sauðfé eða ekki og svörin voru of fá. En eftir sem áður má segja að svörin gefi grófa vísbendingu. Af þeim 31 sem svöruðu var afgerandi meirihluti sem studdi breytinguna sem lögð var til.

Question 1 has 31 answers (Radio Buttons)

“Ertu hlynnt/-ur því að verðhlutföllum í dilkakjöti verði breytt í samræmi við hugmynd í fréttabréfi SS?”



Í framhaldi hefur verið ákveðið að verðhlutföll dilka næsta haust verði eins og hugmyndin sem kynnt var. Sjá fyrir neðan:

Flokkur	1	2	3	3+	4	5
E	95%	108%	107%	99%	83%	70%
U	92%	104%	103%	96%	80%	68%
R	88%	100%	98%	87%	72%	60%
O	70%	80%	77%	60%		
P	44%	50%				

Breytt verðhlutföll breyta engu um meðalverð heldur breytir verði einstakra flokka út frá R2 sem grunnverði.

Ekki liggur fyrir ákvörðun um verð haustsins sem verð einstakra flokka verður svo reiknað út frá skv. þessari töflu.

Ekki álag á þyngri dilka í haust

Bent hefur verið á hagkvæmni þess í slátrun og vinnslu að auka meðal fallþyngd dilka og sett fram hugmynd um hugsanlegar álagsgreiðslur á þyngri dilka innan ákveðinna marka til að stuðla að aukinni fallþyngd.

Spurt var um viðhorf bænda til þess að svona álagsgreiðslu væri komið á. Niðurstaðan var svipuð og með breytingu á verðhlutföllum þ.e. afgerandi meirihluti studdi breytinguna.



Question 2 has 31 answers (Radio Buttons)

“Ertu hlynnt/-ur því að SS setji á álag á þyngri dilka í samræmi við hugmynd í fréttabréfi?”



Eftir sem áður er það niðurstaða SS að breyta ekki of miklu í einu og láta breytinguna á verðhlutföllum EUROP flokka nægja fyrir komandi haust.

Aðgangur að Selfossi áfram lokaður

Þar sem Covid-19 er ekki alveg að baki þá verður, til að tryggja starfsemina, að hafa lokað fyrir heimsóknir bænda til Selfoss í haust eins og síðasta haust. Við vonum að því verði tekið af skilningi.

Staðan á kjötmarkaði

Aprílmánuður var góður bæði framleiðslu- og sölulega m.v. fyrra ár. Framleiðsla á innlendu kjöti jókst um 12% í heildina og salan um 5,8%. Mest var aukningin í nautgripakjöti.

Í birgðaskýrslu má sjá að birgðastaða kindakjöts lækkar hratt og sú alvarlega staða sem uppi var um áramót hefur færst mjög til betri vegar. Skiptir þar mestu að salan hefur rétt sig af og mikið verið flutt út.

Á heimsmarkaði hefur veruleg aukning á sölu á Nýsjálensku dilkakjöti til Kína leitt til minna framboðs til Evrópu. Af þeim sökum er skortur á dilkakjöti í Evrópu og verð hækkandi. Fyrirséð er að í haust ætti að fást nokkuð herra verð fyrir dilkakjöt til útflutnings en verið hefur.

Framleiðsla í kg.					
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán
Alifuglakjöt	739,670	2,262,543	9,098,759	13.3 %	5.0 %
Hrossakjöt	22,793	130,852	995,451	-42.6 %	-21.4 %
Kindakjöt	0	0	9,488,883		-100.0 %
Nautgripakjöt	400,650	1,260,660	4,745,907	21.7 %	10.4 %
Svínakjöt	503,029	1,608,179	6,893,444	7.9 %	3.2 %
Samtals	1,666,142	5,262,234	31,222,444	12.0 %	4.8 %

Framleiðsla til loka apríl 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Sala í kg.					
Afurð	1 mán	3 mán	12 mán	Δ % 1 mán	Δ % 3 mán
Alifuglakjöt	690,171	2,239,305	8,775,996	9.6 %	8.4 %
Hrossakjöt	18,227	162,496	575,322	-42.4 %	13.5 %
Kindakjöt	443,357	1,499,855	5,598,544	-5.3 %	-2.1 %
Nautgripakjöt	365,030	1,169,530	4,363,021	17.6 %	8.9 %
Svínakjöt	455,589	1,424,340	6,292,236	7.5 %	0.8 %
Samtals	1,972,374	6,495,526	25,605,119	5.8 %	4.3 %

Sala til loka apríl 2021 skv. mælaborði landbúnaðarins

Þróun hlutdeildar SS frá 2000-2020

Á síðasta aðalfundi var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands haldinn á Goðalandi í Fljótshlíð 19. mars 2021, samþykkir að stjórn Sláturfélags Suðurlands láti vinna skýrslu þar sem þróun í sölu einstakra kjöttegunda í gegnum vinnslu félagsins verði greind frá árinu 2000.“


Eftir nokkra yfirlegu hefur tekist að finna gögn aftur til ársins 2000.

SS er með sögunar- og skurðardeildir bæði á Selfossi og á Hvolsvelli. Frá þessum deildum og einnig beint frá sláturhúsi er unnið fyrir eigin deildir, selt til annarra viðskiptavina og selt til útflutnings.



Marktakasta svarið við þessari tillögu er því að skoða það magn sem fer í gegnum afurðadeild félagsins og matvælavinnslu sem er þá hlutdeild félagsins í slátrun að viðbættu því magni sem hefur verið keypt til vinnslu frá öðrum.

Fyrir neðan má sjá hlutdeild félagsins í sauðfjárslátrun frá árinu 2000. Hlutdeildin hefur lengst af verið 18-20% en jókst mikið í 4 ár 2001-2004 er sláturhúsin í Borgarnesi og í Búðardal voru að leggjast af. Á síðasta árið var hlutdeildin 19,6%.




Hlutdeild SS í sauðfjárslátrun 2000-2020

SS var með háa hlutdeild í svínaslátrun en það breyttist er stærsta svínabú landsins ákvað að byggja eigið sláturhús og hefur í framhaldi náð um 65% hlutdeild í framleiðslu og um 70% hlutdeild í svínaslátrun.

Vegna minna innleggs þá hefur SS keypt nokkuð af svínagrófhlutum og er því magni bætt við slátrunina til að fá réttari mynd af því magni sem fer í gegnum deildir félagsins.


Það má sjá að frá upphafi til loka tímabilsins hefur hlutdeild SS í svínakjöti rúmlega helmingast úr rúmlega 20% í um 10%. Í þessari kjötgrein hefur SS gefið eftir ólíkt öðrum kjötgreinum.



Leiðrétt hlutdeild SS í svínaslátrun 2000-2020

Hlutdeild SS í nautgripaslátrun hefur verið á svipuðum nótum í gegnum árin þ.e. um og yfir 25%.


Það er nægt framboð gripa en vandinn hefur verið á söluhlíðinni. Það er eitt mikilvægasta verkefni félagsins að geta aukið nautgripaslátrun til að minnka bið eftir slátrun og veitt bændum þar með betri þjónustu.



Hlutdeild SS í nautgripaslátrun 2000-2020

SS hefur aukið töluvert hlutdeild sína í hrossaslátrun og er með nálægt því 45% hlutdeild.

SS flytur fersk hrossakjöt úr landi vikulega og hefur þróað margar afurðir úr hrossa- og folaldakjöti.



Hlutfélagi SS í hrossaslátrun 2000-2020

Auk þess sem hér er nefnt þá hefur SS á síðustu árum unnið úr miklu magni af kjúklingi og fiski í matvælavinnslu sinni á Hvolsvelli. Umfangið þess sem fer í gegnum deildir félagsins hefur því vaxið verulega í gegnum árin.

Vöruþróun & nýjungar

Reykt og silkiskorin kjúklingabringa er vara sem kom nýlega á markað frá SS. Varan er nánast fitulaus og hentar vel sem álegg, í salöt og á pitsur.

Hráefnið er íslenskar kjúklingabringur frá Reykjagarði.



Kjúklingabringa í endurlokanlegum umbúðum

Vöruþróun snýst ekki eingöngu um að búa til nýjar vörur heldur einnig um að endurbæta eldri vöru og aðlaga þær breyttum þörfum og nýjum tímum.

Pylsur fagmannsins eru vinsæl vara sem hlutu verðlaun í fagkeppni kjötiðnaðarins. Framsetning og umbúðir hafa verið endurbættar og dregið fram að þessi bragðmikla og bragðgóða vara fellur undir Ketó mataræði og er auk þess án soja og glútens.



Pylsur fagmannsins í endurbættri framsetningu

Með nýjum vélbúnaði getur SS nú boðið fulla þjónustu með svokallaðri skinnpökkun á hamborgurum. Skinnpökkun er pökkun í lofttæmdar umbúðir þar sem yfirfilman er hituð og blásin upp og límist svo alveg að vörunni og er vart sjáanleg.

Kosturinn við þessa pakkningu er smekklegt útlit, lítið af umbúðum m.v. kjötþyngd og langt geymsluþol.



Gallinn er að þar sem ekkert súrefni er í pakkingunni þá verður liturinn dökk-rauður sem jafnar sig eftir opnun. Varan er einnig undir þrýstingi og verður því þéttari en vara í loftskiptum umbúðum.

Stór hluti af skinnpakkingar umbúðum er úr endurunnu plasti og eru endurvinnanlegar.



Hakk í loftskiptum umbúðum



Skinnpakkaðir hamborgarar

Hin pakkingin, sem einnig er í boði, er pökkun í loftskiptar umbúðir (CAP) þar sem blanda af kolsýru og súrefni halda geymsluþoli og lit.

Hakk í loftskiptum umbúðum er laushakkað og því mun þægilegra til steikingar en hakk „kökurnar“ sem koma úr skinnpökkuðu hakki. Umbúðirnar eru endurvinnanlegar.

Starfsfólkið á bak við SS

Kristín Bjarnadóttir hefur unnið samfellt hjá SS á Selfossi frá árinu 1974 og á því örfá ár í 50 ára starfsaldur. Geri aðrir betur.

Kristín byrjaði í kjötskurði en var svo beðin um aðstoð á skrifstofunni og hefur lengst af séð um verkefni og skipulag á skrifstofunni auk þess að hafa til margra ára verið staðgengill stöðvarstjóra.

Þau eru mörg þúsund símtölin sem Stína hefur átt við bændur um allt sem snýr að viðskiptum við afurðastöðina. Stína var lengi vel dugleg í hestamennsku en í seinni tíð eiga útivist og gönguferðir hug hennar allan.



Kristín Bjarnadóttir



Framleiðsla á kjöti á Íslandi er frjáls

Það er ljóst að hagsmunaaðilar landbúnaðarins hafa ekki staðið sig nógu vel í umræðu um landbúnaðinn. Undirritaður er ekki undanskilinn í þessum efnunum.

Vil þó hrósa Ernu Bjarnadóttur hjá MS sem hefur staðið sig mjög vel síðan hún kom að þessum málum.

Miklu skiptir að koma á framfæri réttum upplýsingum, sem skipta máli, til að almenningur og stjórnámálamenn geti myndað sér skoðanir byggt á staðreyndum.

Það er þekkt tækni í áróðurmálum að endurtaka sífellt sömu rangfærslurnar og ef þeim er ekki svarað þá er litið á þetta sem sannleik.

Í umræðunni heyrir iðulega að einhvers konar kerfi haldi bændum í heljargreipum og komi í veg fyrir nýsköpun, frumkvæði og vöruþróun.

Lausnin á þessu meinta ástandi á yfirleitt að vera að draga úr innflutningstakmörkunum

því þá losni um hömlur og bændur verði „frjálsir“ öllum til bóta.

Þessi málflutningur byggir ekki á staðreyndum.

Í eftirfarandi viðauka er minnisblað sem undirritaður hefur tekið saman og byggir á gögnum frá búgreinafélagunum um stuðningskerfið á bak við kjötframleiðsluna og hömlur eða mismun, ef hann er, á milli núverandi framleiðenda og þeirra sem gætu viljað hefja framleiðslu.

Niðurstaðan er skýr.

Framleiðsla á kjöti á Íslandi er frjáls og fullyrðingar um annað eru rangar.

Með kveðju,
Sláturfélag Suðurlands svf.

Steinþór Skúlason



Til þeirra er málið varðar

Uppfært í Júní 2021

Framleiðsla kjöts á Íslandi er frjáls

Í umræðu um landbúnaðarmál er því oft haldið fram að einhvers konar kerfi haldi bændum í fjötrum og komi í veg fyrir vöruþróun og nýsköpun. Þetta er rangt !

Upplýst umræða, sem byggir á staðreyndum, er mikilvæg til að leiða okkur til farsællar framþróunar.

Eftirfarandi samantekt, sem byggir á Búvöru- og fjárlögum, sýnir fyrirkomulag opinbers stuðnings við kjötframleiðslu og stöðu nýrra kjötframleiðenda á móti þeim sem fyrir eru.

Stuðningur við framleiðslu nautakjöts

Stuðningurinn skiptist í tvennt. Annars vegar stuðningur sem greiddur er á hverja holdakú (holdakýr eru kýr af kynjum Angus, Galloway og Limousine sem eru til að fæða kálfa til kjötframleiðslu en skila engum tekjum af mjólk) og hins vegar sláturálag á sláturgripi sem eru meira en 250 kg að þyngd, eru innan við 30 mánaða gamlir og falla ekki í tvo rýrustu holdfyllingarflokkana.

Árið 2021 fara skv. fjárlögum 173 mkr til stuðnings á holdakýr. Skráðar eru 3.295 holdakýr og er stuðningur því 52.500 kr á hvern grip/ári. Ef framleiðandi er með meira en 200 holdakýr þá skerðast greiðslur til hans. Aðeins tveir framleiðendur í landinu eru með meira en 200 holdakýr svo skerðing sem hlutfall af heild er óveruleg.

Árið 2021 fara skv. fjárlögum 163 mkr í sláturálag. Áætlaður fjöldi á þessu ári er um 5.500 gripir (var 5.468 árið 2020). Greiðsla á hvern grip er því áætluð um 29.600 kr/stk. Ef reiknað er frá meðalþyngd 270 kg/grip þá gerir þetta um 110 kr/kg sem er upb 15% álag ofan á afurðastöðvaverð fyrir algengan flokk (O+, fitufl 3).

Nýir framleiðendur hafa sama rétt og þeir sem fyrir eru til ofangreinds stuðnings.

Afurðastöðvar greiða nýjum framleiðendum sama verð og þeim sem fyrir eru.

Framleiðsla á nautakjöti er því algjörlega opin og frjáls. Sjá nánari upplýsingar í viðauka.

Stuðningur við framleiðslu kindakjöts

Stuðningur við framleiðslu kindakjöts er margþættur og skiptist á fjölda liða. Þeir helstu eru: greiðslumark, gæðastýring, gripagreiðslur, býlisstuðningur, ullarnýting og fjárfestingarstuðningur. Stuðningur skv þessum liðum var 5.200 mkr árið 2020.

Af þessum liðum þá vó greiðslumarkið mest árið 2020, 47%, en fer lakkandi skv. samningnum niður í 28% í lok samningstímans 2026. Greiðslumark er eign býla og er réttur til stuðnings sem hægt er að eiga viðskipti með og verðið þá einhvers konar núvirði af væntanlegu fjárstreymi. Reglur gilda um viðskipti með greiðslumark og mögulega innlausn til hins opinbera. Greiðslumark gefur engan annan rétt en rétt til tiltekins opinbers stuðnings eftir því hvert greiðslumarkið er.

Gæðastýringin var 34% árið 2020.

Ef litið er til aðila sem vill hefja sauðfjárrækt, án þess að kaupa sér greiðslumark, þá á hann sama rétt og aðrir á öllum öðrum þáttum stuðningsins og fær sama verð frá afurðastöð og aðrir.

Framleiðsla á kindakjöti er því frjáls en mismunur í stuðningi eftir því hvort viðkomandi á greiðslumark eða ekki. Á móti kemur að stuðningur er við nýliðun hjá ungu fólki sem hefja vill framleiðslu. Sjá nánar í viðauka.

Stuðningur við framleiðslu svínakjöts

Það er enginn stuðningur sem bundinn er við framleitt magn eða svínabú.

Undantekning frá því er 440 mkr. stuðningur (heild, ekki upphæð pr ár) sem veittur var fyrir árin 2017-2021 til að mæta miklum kostnaði svínabænda við að uppfylla nýjar reglur um aðbúnað á svínabúum og fellur niður í lok þessa árs.

Afurðastöðvar borga sama verð til nýrra og eldri framleiðanda.

Framleiðsla á svínakjöti er því algjörlega opin og frjáls.



Alifuglarækt

Það er enginn stuðningur sem bundinn er við framleitt magn eða annað sem lýtur að alifuglarækt.

Framleiðsla á alifuglakjöti er því algjörlega opin og frjáls.

Aðrir styrkir til kjötframleiðslu og landbúnaðar

Í rammasamningi er auk þess sem áður hefur verið nefnt stuðningur við fjölmarga þætti, samtals um 1500 mkr árið 2021. Þyngst vega leiðbeiningaþjónusta, jarðræktarstyrkir og landgreiðslur sem samtals eru um 75% af þessari upphæð.

Stuðningur skv. þessum þáttum er opinn nema lítill hluti sem er merktur nýliðun sem er þá til að auðvelda nýjum framleiðendum að hefja framleiðslu.

Það er því ekkert í styrkjakerfinu, nema greiðslur vegna greiðslumarks í sauðfé, sem mismunar milli nýrra og eldri framleiðenda.

Það liggur því fyrir að öll framleiðsla á kjöti á Íslandi er frjáls.

Heimtaka, vöruþróun og nýsköpun

Afurðastöðvar bjóða bændum upp á að taka gripi heim til eigin sölu eða vinnslu. Verðlagning á þessari heimtöku er almennt undir kostnaðarverði afurðastöðvanna og er hugsuð sem hlunnindi til bænda.

Það er því ekkert sem kemur í veg fyrir eigin sölu, nýsköpun og heimavinnslu bænda.

Viðauki

Gripagreiðslur nautgripa:

Skv. 5. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt eru greiddar gripagreiðslur á mjólkurkúr og holdakúr. Skipting heildarupphæðar gripagreiðslna miðar við 25.000 mjólkurkúr og 3.000 holdakúr. Í dag eru skráðar 3.295 holdakúr (Hagstofan) og er 2020 fyrsta árið þar sem þær fara yfir 3.000 gripi. Árið 2021 eru 173,1 milljón sem fer í gripagreiðslur greiddar á holdakúr (skv. fjárlögum 2021).

Greiðslur til hvers framleiðanda ráðast af fjölda kúa sbr. tafla:

Útdeiling gripagreiðslna – holdakúr Hlutfall greiðslu

1-200 kúr	100%
201-220 kúr	75%
221-240 kúr	50%
241-260 kúr	25%
>260 kúr	0%

Sláturálag nautgripa:

Skv. 9. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt er greitt sláturálag á nautakjöt sem uppfyllir eftirfarandi gæðakröfur:

- Lágmarksþyngd grips sé 250 kg
- Nautakjöt falli ekki í EUROP gæðaflokk P og P-
- Gripur sé yngri en 30 mánaða


Árið 2020 var sláturálag greitt á 5.468 gripi. Greitt er fyrir hvern ársfjórðung fyrir sig. Árið 2021 er áætlað 162,5 milljónir á þennan lið (skv. fjárlögum 2021 og fjármagn til einangrunarstöðvar undanskilið).



Kindakjöt

Úr samningi um stuðning við sauðfjárrækt.

Samningsliður	2020	Hlutfall
Beingreiðslur - Greiðslumark	2.405,1	47%
Gæðastýring - Álagsgreiðslur	1.781,1	34%
Býlisstuðningur	206,2	4%
Ullarnýting	463,8	9%
Fjárfestingarstuðningur	50,6	1%
Svæðisbundinn stuðningur	154,7	3%
Aukið virði afurða	104,6	2%
Samtals sauðfjársamningur	5.166,2	100%



Samantekt í júní 2021
Sláturfélag Suðurlands

Steinþór Skúlason